


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Inniklæðningar INK 102 Kennsluáætlun vorannar 2010	

Kennarar	Halldór Torfi Torfason Kristján Davíðsson	Sk.st.	HTT KRD
-----------------	--	---------------	------------


Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnu-aðferðum. Nemendur læra um smíði létttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gipsplötum, uppsetningu niðurlengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og kennslan er að mestu bókleg þar sem m.a. er farið í heimsóknir í fyrirtæki.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- þekki uppsetningu og klæðningu létttra kerfisveggja innanhúss
 - kunni skil á mismunandi kerfisveggjum, kostum þeirra og göllum
 - þekki efni og festingar sem notaðar eru í létt veggvirki innanhúss
 - geti valið áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu
 - þekki smíði létttra kerfisveggja innanhúss með hliðsjón af reglum og leiðbeiningum framleiðenda um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
 - viti hvernig hægt er að forma gipsplötur á bogna vegg og festa upp
 - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við smíði létttra veggvirkja innanhúss
- kunni skil á algengustu burðarkerfum fyrir niðurlengd loft og uppsetningu þeirra
 - þekki uppbyggingu algengra kerfislofta og notkunarvið þeirra
 - kunni að merkja og setja upp vegglista, festingar og upphengjur
 - viti deili á uppsetningu burðar- og þverlista og stillingu grindar
 - kunni að sníða og koma plötum fyrir og búa til loftlúgu
 - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við uppsetningu kerfislofta
- viti hvernig á að leggja parket á stein og tré innanhúss
 - þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
 - þekki efni og áhöld sem notuð eru við lagningu og slípun parkets
 - hafi þekkingu á lagningu parkets á mismunandi undirstöður og efni
 - kunni að undirbúa og leggja gegnheilt og fljótandi parket á stein og tré
 - þekki frágang, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
 - þekki öryggisráðstafanir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á parketi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Inniklæðningar INK 102 Kennsluáætlun vorannar 2010		

Kennslugögn:

Heftið *Inniklæðningar (IDNÚ 2005)* og annað það efni sem kennara þykir passa áfanganum.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin, lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þann fróðleik annan sem frá kennara kemur og vinni verkefni, bæði í kennslubók og frá kennara. Einnig verða lögð fyrir skyndipróf án undirbúnings.

Áfanginn er bóklegur, en reynt verður að tengja efni hans þeim verkefnum sem í gangi verða á önninni í öðrum fagtengdum áföngum, en einnig verða settir upp gipsveggir með blikk prófilum, skoðuð uppsetning kerfislofta ásamt parket lögnum.

Námsmat:

Áfanganum lýkur með skriflegu lokaprófi sem gildir 70% af einkunn, en ná verður lokaprófinu svo starfseinkunn gildi.

Starfseinkunn gildir 30% af einkunn. Í starfseinkunn verða metin verkefnavinna, einkunnir skyndiprófa og andleg viðvera á önninni.

Með von um gott samstarf á önninni

. □□□□□□□ 10

□□□□ og *Kristján*

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils